

Stjórnarfundur STEFs 22. maí 2020

Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn 22. maí 2020 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn voru Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason, Bragi Valdimar Skúlason og Hjálmar H. Ragnarsson, auk framkvæmdastjórans, Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur. Jakob Frímagn Magnússon boðaði forföll með það skömmum fyrirvara, að ekki var unnt að kalla til varmann í hans stað.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 30. apríl og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.
 - a. Niðurstöður þjónustukönnunar lagðar fram og kynntar. Breytingar milli ára á könnuninni eru mjög litlar. Sérstaklega var spurt að þessu sinni um styrki og sést vel á svörum hvað þessi hluti starfsemi STEFs er mikilvæg fyrir meðlimi STEFs.

Undir þessum lið var aðeins rætt um stefnumótun stjórnar sem fór fram 20. maí. Stjórnarmenn voru mjög ánægðir með hvernig til tókst og þótti vinnan hafa verið mjög gagnlegt. Þessi vinna verður nú afhent nýrri stjórn sem leiðarljós og stoð fyrir hina nýju stjórn, sem heldur áfram að þróa, kjósi hún svo.

3. Ársskýrsla STEFs lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir komu fram. Ársskýrslan verður lögð fram óbreytt fyrir fulltrúaráðsfund STEFs.
4. Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu.

Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi STEFs, mætti á fundinn og kynnti ársreikninginn og helstu lykiltölur.

Nokkrar umræður urðu um ársreikninginn.

Ársreikningurinn var borinn undir fundinn og hann samþykktur samhljóða.

5. Sjálfsmat stjórnar skv. Starfsreglum.

Stjórn skal á síðasta fundi fyrir aðalfund Fulltrúaráðs STEFs, leitast við að leggja mat á árangur samtakanna í heild, á eigin störf, þ.m.t. eigið verklag og starfshætti, sem og störf framkvæmdastjóra.

Niðurstöður sjálfsmats 2020 lagðar fram. Farið var í stuttu máli yfir breytingar á sjálfsmatinu núna og fyrir ári síðan, en þær voru almennt á þann hátt að stjórnin var ánægðari með störf sín nú en fyrir ári.

6. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar.

- Tillaga stjórnar um skoðunarmenn.

Samþykkt að leggja fram tillögu um sömu skoðunarmenn og áður, þá Eyjólf Kristjánsson og Tryggva M. Baldvinsson og til vara þá Finn Torfa Stefánsson og Inga Gunnar Jóhansson.

- Formaður fulltrúaráðs.

Vitað er að Aðalsteinn Ásberg er tilbúinn að bjóða sig fram að nýju.

- Tillaga stjórnar um stjórnarlaun.

Stjórn samþykkir að leggja fram tillögu að stjórnarlaunum sem gerir ráð fyrir óbreyttum launum milli ára með vísitölubreytingu, fyrir utan laun skoðunarmanna, sem stjórnarmönnum fannst helst til há.

- Tillaga um breytingar á samþykktum (búið að leggja fram áður og samþykkja).

Þá er ákveðið að halda stjórnarfund strax í kjölfarið á aðalfundi, þar sem nýkjörin stjórn kæmi saman og myndi kjósa sér formann og varaformann.

7. Tekjuáætlun vegna áhrifa COVID 19.

Tekjuáætlunin lögð fram. Vísast í umræður varðandi ársreikning hvað þetta atriði varðar.

8. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi slitið kl. 13:00.